**Öldungaráð**

Ár 2018, mánudagur 24. september var haldinn 31. fundur öldungaráðs Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn í ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 10:00. Fundinn sátu Guðrún Ögmundsdóttir,Bryndís Hagan, Björn Gíslason, Álfhildur Hallgrímsdóttir og Berglind Magnúsdóttir, Anna Kristinsdóttir og Elísabet Pétursdóttir sem ritaði fundargerð.

**Þetta gerðist:**

1. Fram fer kynning á fréttum af velferðarsviði - hjúkrunarheimilið við Sléttuveg og framkvæmdarsjóður aldraðra.

2. Lögð fram svohljóðandi tillaga Félags eldri borgara í Reykjavík, dags. 23. ágúst 2018:

   Félag eldri borgara í Reykjavíkur leggur til að borgin taki þátt í að bjóða eldri borgurum heimaþjónustu um þjálfun og hreyfingu. Lagt er til að auglýst verði tilboð frá Rvík/FEB um heimsóknir þjálfara og kanni þannig þá eftirspurn sem fram komi frá öldruðum og vinnubrögð þar að lútandi. Ef árangur er jákvæður, skuli stjórn Félags eldri borgara og velferðarráð borgarinnar ganga frá þjónustu á þessum vettvangi. R18090197

   Samþykkt að vísa tillögunni til umsagnar velferðarsviðs.

3. Fram fer umræða um ný lög um félagsþjónustu aldraðra og ný verkefni öldungaráðs.

**Fundi slitið kl. 10:47**

Guðrún Ögmundsdóttir

Björn Gíslason
Bryndís Hagan
Álfhildur Hallgrímsdóttir